

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands, sem starfa hjá Arnarflugi hf.

FORSETI ÍSLANDS

gerir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér að félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands, sem vinna hjá Arnarflugi hf. hafi hafið vinnustöðvun fimmtudaginn 10. júlí s. l. kl. 23:55. Sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar og engar líkur séu á lausn vinnudeilunnar í bráð.

Haldi vinnudeila þessi áfram mun hún hafa í för með sér stöðvun alls millilandaflugs og innanlandsflugs félagsins og sennilega gera verkefni þess að pílgrímsflugi frá Alsír til Jeddah að engu, en það á að hefjast 19. júlí n. k.

Öllum má vera ljóst að stöðvun farþegaflugs í annasamasta mánuði félagsins, þegar það flytur 2000 manns á viku hverri milli landa og fjölda farþega innanlands, sem flestir eru erlendir ferðamenn, veldur ekki aðeins Arnarflugi hf. óbætanlegu tjóni. Hitt er ekki síður alvarlegt umhugsunarefni að íslensk ferðaþjónusta í heild bíður mikinn síðferðilegan og fjárhagslegan hnekki.

Loks er veruleg hættu á að missir pílgrímaflugsins yrði mikill álitshnekkir fyrir íslenska flugrekstraraðila á alþjóðamarkaði og myndi gera þeim erfitt fyrir síðar meir. Auk þess verður að gera ráð fyrir bótakröfum vegna samningsrofa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði fyrir 15. september 1986 kaup og kjör flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands, sem starfa hjá Arnarflugi hf. Ákvörðun gerðardómsins skal ná til sérkjarasamninga vegna verkefna erlendis.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara skv. bráðabirgðalögum þessum hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamninga aðila og almennar kaup- og kjarabreytingar, sem samið hefur verið um frá því þeir tóku gildi og þar til dómur gengur.

3. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Vinnustöðvanir þær, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms, samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1986. Úrskurður gerðardóms, samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1986 er úrskurður gerðardóms uppsegjanlegur af aðilum hverjum um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Eftir 31. desember 1986 gildir úrskurður gerðardóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.